

12.03.2022 (#1 2023-2024) kl. 17:00

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Sveinn Símonarson, Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Hildur Andrjesdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð, en Sædis Jónsdóttir var fjarverandi. Þá sat Geir Ómarsson verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.

## 1. Starf og hlutverk stjórn ÞRÍ

Tillaga um að varaformaður verði kjörin Margrét J. Magnúsdóttir, gjaldkeri verið endurkjörin Margrét Ágústsdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson kjörinn ritari.

*Samþykkt*

Fundartími ákveðinn á sunnudögum kl.17 og fundarboð verði sent á bæði aðal- og varamenn.

Þá voru fundarmenn hvattir til að kynna sér vel starfsreglur stjórnar.

*Samþykkt*

## 2. Nefndir á vegum ÞRÍ

Umræður fóru fram um nefndir á vegum ÞRÍ. Það kom fram að hver þeirra fimm nefnda sem starfa á vegum Þríbrautasambandsins starfar í tvö ár í senn. Það fólk sem er í forsvari fyrir nefndirnar var hvatt til að finna fleira fólk í þær nefndir sem ekki eru nú þegar full mannaðar. Það liggur fyrir að skilgreina markmið og hlutverk nefndanna betur.

Helstu breytingar eru að Sveinn ætlar að aðstoða Sædisi í afreksnefndinni og þá var staðfest að Ingi ætlar að veita siðanefninni áfram forstöðu þrátt fyrir að hann hafi ekki gefið kost á sér áfram í stjórn.

Nefndir og forsvarsmenn:

**Mótanefnd: Jose Jorge**

**Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Katrín Pálsdóttir**

**Dómaranefnd: Margrét Magnúsdóttir**

**Afreksnefnd: Sædis Jonsdóttir**

**Siðanefnd: Ingi Poulsen**

### 3. Starfsmenn og hlutverk

Til upplýsingar fyrir nýja stjórnarmenn þá er fjallað er um starfsmenn og hlutverk þeirra. Príbrautasambandið er með 2 starfsmenn:

Ráðningasamningur við Ragnar Guðmundsson nær til enda júlí, en hann hefur verið í starfi frá nóvember 2022. Ragnari er ætlað að móta framtíðarstefnu fyrir unglingaþríbraut á Íslandi og setja upp viðburði og kynningar á þríbraut fyrir þennan aldurshóp í samvinnu við þessa samstarfsaðila.

Geir Ómarsson var ráðinn í hlutastarf verkefnastjóra í janúar 2023 og helstu verkefni hans felast m.a. í samskiptum innanlands og erlendis, skýrsluvinnu, umsjón með skráningum, umsjón með samfélagsmiðlum, verkefni tengd mótahaldi og þátttaka í stefnumótum og einstökum verkefnum innan ÞRÍ.

### 4. Bikarkeppni

Fram fer umræða um tillögu sem lögð hefur verið fram fyrir fundinn um að breytinga fyrirkomulagi bikarkeppninnar.

Eftir miklar umræður var ákveðið að skjóta tillögunni á frest og skoða betur breytingar en að hvetja félögin til að vera með opinn flokk í stað byrjendaflokks nú í sumar.

*Samþykkt*

### 5. Stefnumótun

Fram kom á fundinum að Príbrautarsambandinu vanti stefnu og að byrjað hafi verið að undirbúa stefnumótunarvinnu síðasta haust en ákveðið að ný stjórn myndi taka þá vinnu áfram. ÞRÍ hefur átt nokkra fundi með breska þríbrautarsambandinu í gegnum samstarfsvettvang alþjóða þríbrautarsambandsins og fleiri fundir eru á döfunni þar sem breska sambandið miðlar af reynslu sinni.

Það kom fram tillaga um að boða til óformlegs fundar í næstu viku þar sem stefnumótun sambandsins verði rædd og komið í farveg.

*Samþykkt*

## 6. Önnur mál

### Blindrafélagið

ÞRÍ hefur borist tölvupóstur frá Blindrafélaginu. Þorkell Steindal hafði samband og sagði frá styrktarverkefni sem Blindrafélagið væri að hugsa um að taka þátt í á vegum Evrópusambandsins sem er ætlað að hvetja blinda til frekari hreyfingar og endar með keppni í Rúmeníu – klífa sömu hæð og Everest 2024. Þau eru að kanna mögulegt samstarf við ÞRÍ. Stjórnarmenn tóku mjög vel í þetta og fannst þetta áhugavert.

Tillaga sett fram um að ÞRÍ sé tilbúið til frekari viðræðna um samstarf þegar frekari upplýsingar berast frá Blindrafélaginu.

*Samþykkt*

### Tímamælingahelgin

Geir fór yfir stöðuna á tímamælingahelginni sem auglýst var í desember síðastliðunum. Rætt var um skipulag og framkvæmd. ÞRÍ stefnir á að halda tímamælingahelgi fyrir 1. apríl næstkomandi og kom fram tillaga um að halda viðburðinn síðustu helgina í mars.

*Samþykkt*

### Selfoss og Kjós og Nauthólsvík

Fram fara umræður um þríþrautakeppnina sem ÞRÍ hefur haldið í Kjós og hvort þörf sé á að breyta um staðsetningu, m.a. vegna þess að erfitt hefur reynst að fá sjálfboðaliða og áhorfendur á keppnisstað. Selfoss og Nauthólsvík voru nefnd sem mögulegir keppnisstaðir en ekkert var ákveðið.

Tillaga kom fram um að skoða fyrirkomulag frekar.

*Samþykkt*

Fundi slitið 18:10

### Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 23. apríl 2023.

*Samþykkt*

Fundargerð yfirfarinn og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum